



Reykjavík, 29. september 2021

R21050143

15312

ívs

Forsætisnefnd

Tillaga forseta um fræðsluheimsóknir nemenda í Ráðhúsið

Á fundi forsætisnefndar þann 14. maí 2021 var svohljóðandi tillaga forseta, dags. 14. maí 2021, samþykkt:

Lagt er til að skoðaðar verði leiðir til að taka á móti nemendahópum með svipuðum hætti og á svokölluðu Skólapingi sem Alþingi heldur uppi. Skólahópar gætu þannig heimsótt Ráðhúsið, setið nefndarfundi og síðan talað fyrir tillögum og kosið um þær. Þannig væri þekking barna á lýðræðinu eflað um leið og þau myndu kynnast því betur hvernig Reykjavík er stjórnað. Leitað verði til Alþingis og fagsviða borgarinnar til að meta kostnað við námsefnisgerð og móttöku nemenda og tillögunum vísað til fjárhagsáætlunargerðar í kjölfarið.

Það tilkynnist hér með.

Forsætisnefnd ásamt áheyrnarfulltrúum lagði fram svohljóðandi bókun:

Forsætisnefnd fagnar þessari tillögu og þakkar fráfarandi forseta fyrir vel unnin störf og gott samstarf.

Ívar Vincent Smárason
e.u.

Hjálagt:

Tillaga forseta, dags. 14. maí 2021